

## **Kafli 4.2 - Herbert Spencer**

### **Spurningar úr efni bls. 65-69.**

1. Hvaða þrjár straumar mótuðu félagsfræði í Bretlandi á 19. öld?
2. Hver var meginhugmynd skoska hagfræðingsins Adams Smith um markaðslögmál og frjálshyggu?
3. Hvað er átt við með einstaklingsmiðaðri umbótastefnu og hugmyndinni um að „skella skuldinni á fórnarlambið“?
4. Spencer aðhylltist afskiptaleysisstefnu ríkisvaldsins og félagslegan darwinisma. Hver er meginhugmynd félagslegs darwinisma?
5. Hver var Tómas Malthus, og hvert var innlegg hans í umræðu um fæðuframlæiðslu og fólksfjölgun í mannlegu samfélagi?
6. Spencer talaði um þrjár tegundir af félagslegum stofnunum sem myndu þróast innan mannlegs samfélags. Hvernig stofnanir eru þetta?
7. Hvernig hljómar hið einfalda lögmál sem Spencer setti fram um þróun hluta í alheiminum?
8. Hvað er átt við með mannkynbótastefnu? Hver lagði grunninn að henni? Og hvernig eru þessar hugmyndir sýnilegar í samtímanum?
9. (Hópverkefni) Í fljótu bragði virðist sem félagslegur darwinismi sé löngu liðinn undir lok, eitthvað sem tilheyrði fortíðinni. En er það svo? Margt bendir til þess að félagslegur darwinismi sé ljóslifandi hugmyndafræði í dag, þótt þessi hugmyndafræði

kunni að fara huldu höfði eða komi fram undir öðrum nöfnum.  
Getið þið komið auga á hugmyndafræði félagslegs darwinisma í  
okkar samfélagi í dag?